

Kayakklúbburinn



Ársskýrsla og reikningar 2006

Dagskrá aðalfundar

Haldinn í íþróttamiðstöðinni Laugardal

8. febrúar 2007

- 1. Skýrsla stjórnar.**
- 2. Reikningsskil og árgjöld.**
- 3. Tillögur frá stjórn og félagsmönnum.**
- 4. Kjör stjórnar og endurskoðenda.**
- 5. Önnur mál.**

Skýrsla stjórnar 2006


Aðalfundur.

Síðasti aðalfundur var haldinn 31. janúar 2006, þar voru kosnir í stjórn; formaður Jón Skírniir Ágústsson, gjaldkeri Guðmundur Breiðdal Birgisson, ritari Páll Gestsson, varaformaður Haraldur Njálsson meðstjórnendur Jóhann Geir Hjartarson og Sæþór Ólafsson og endurskoðandi Ragnar Bogason. Starfandi nefndir voru: keppnisnefnd, ritnefnd, unglínganefnd, húsnæðisnefnd, ferðanefnd, sundlauganefnd, og skemmtinefnd.

Almennt um félagið.

Í lok ársins voru félagar 384 (345 árið 2005), nýskráning 65 (87 árið 2005) og 26 hafa verið skráðir úr félaginu, sjá nánar mynd hér að neðan. Þorsteinn Guðmundsson hefur setið sem varamaður í stjórn SÍL. Sóttir hafa verið formannafundir hjá ÍBR og þing, enda er Kayakklúbburinn aðili að þeim samtökum. Blásið var lífi í Samtök Útivistarfélaga (SAMÚT) á árinu og á Kayakklúbburinn þar 1 stjórnarmann og 1 áheyrnarfulltrúa.

Nýskráning í Kayakklúbbnum 1981 - 2005



Æfingar og námskeið.

Sundlaugaæfingar í Laugardalslaug voru 33, 744 mætingar (622 árið 2005) Mætingar á félagsæfingar og þátttaka í námskeiðum á árinu 2006 endurspeglar þá fjölgun sem orðið hefur í félaginu. Æfingarnar fóru fram í innlauginni í Laugardal.

Reglubundinn sjóróður var á laugardagsmorgnum yfir veturinn en á fimmtudagskvöldum á sumrin. Erfiðara hefur verið að stunda æfinga í Elliðaánum yfir veturinn vegna breytts keyrslutíma Rafstöðvarinnar. Ekkert hefur mjakast í gerð umgengnisreglna um Elliðárnar og gildir því einhliða bann OR við róðr á ánum enn.

Barna og unglingastarf.

Mjög öflugt starf hefur verið unnið í Fjölbrotarskólanum í Ármúla. Þar hefur nemendum verið boðið upp á að taka kayaknámskeið til eininga í námi sínu. Þátttaka á námskeiðunum hefur verið góð og hafa nokkrir kayakræðarar orðið til með þessum hætti.

Félagsfundir og fréttamiðlar.

Fréttabréf var gefið út í maí. En eins og undanfarin ár þá er það heimasíðan sem er aðal samskiptamiðill við félagsmenn ásamt fréttatilkynningum sem sendar eru til félagsmanna með rafrænum hætti.

Heimsóknir á heimasíðu félagsins síðastliðin áramót var í kringum 230.000, sem er þá u.þ.b. 150.000 á árinu eða 410 innlit á dag að jafnaði. Það er tvöföldun frá fyrra ári.

Heimasíðan hefur verið mjög léleg allt árið og nánast ónýt undanfarna mánuði. Unnið hefur verið hörðum höndum að gerð nýrrar síðu. Nýja síðan er skrifuð í Joomla vefsíðugerðarviðmóti. Þetta er opið viðmót og því er viðbúið að hópur fólks hafi þekkingu til að halda síðunni úti. Farsæll rekstur síðunnar er ekki tryggður nema að fleiri en einn komi að honum.

Skemmtanir.

Skemmtinefndin stjórnaði árhátíð félagsins af myndarskap ásamt uppskeruhátíð á haustdögum. Ferðanefndin í samstarfi við skemmtinefnd héldu vor grill í Nauthólsvík til að byrja sumarið.

Almennur róður.

Yfir veturinn eru það Elliðaárnar, brim við Gróttu eða Þorlákshöfn og styttri sjóróður um sundin. Þá voru hefðbundnar ferðir; sjóbátaferð í Hvítá, vor ferð í Galtarlæk í byrjun júní og sjókayakmót Eiríks-Rauða í Stykkishólmi. Jónsmessunótt í Hvammsvík, ásamt ótal minni og stærri ferða félagsmanna bæði á sjó og í ár.

Þessum lið verður væntanlega gerð betri skil á Árshátíðinni í febrúar.

Keppnir.

Elliðaár-Rodeo var í uppnámi þetta árið vegna banns OR við kayakróðri í Elliðaám en 8(9) vaskir kappa mættu engu að síður síðasta dag virkjunarinnar og kepptu. Keppt var í tveim vegalengdum í Reykjavíkurbikarnum alls í fimm flokkum, keppendur voru 24 (34) styrktaraðili var Hvammsvík-Kayakbúðin. Flúðakappróður var svo í þriðja skiptið haldinn í Tungufljóti. Keppendur voru 17 og luku 15 keppni. Hvammsvíkurmaraðon var svo á sínum stað í haust og voru 11 (14) þátttakendur en 6 (13) luku keppni, styrktaraðili Hvammsvík-kayakbúðin, á sama degi var svo haldið haustrodeó í Þjórsá og lauk þar með keppni til Íslandsmeistaratitils sem var nú keppt til í þriðja skipti.

Úrslit í þessum mótum koma fram hér síðar í skýrslunni ásamt úrslitum í Íslandsmeistaramótinu.

Aðstaða félagsins.

Félagið hefur haft aðstöðu í sundlaugunum, sem er notuð í tengslum við æfingarnar þar bæði undir nýju lauginni og í gömlu útiklefunum fyrir einkabáta.

Í Nauthólsvík leigir félagið aðstöðu af Brokey, í dag eru þar pláss fyrir 51 bát. Á Geldinganesinu er nú geymslupláss fyrir 100 báta ásamt félagsaðstöðu með vatni og rafmagni. Í ávaxtagáminum er ágætis skipti aðstaða og sturta. Sótt hefur verið um lóð fyrir félagið á NA horni Geldinganness við svo kallaða Veltuvík og er hugmyndin að byggja þar í framtíðinni yfir félagið. Lítið hefur þokað í lóðarúthlutun, en það mál er komið í farveg í borgarkerfinu. Ljóst er að staðsetning Sundabrautar getur haft mikil áhrif á fýsileika Veltuvíkurinnar.

Kynningamál.

Á 25 ára afmæli Kayakklúbbsins vorum við með opna aðstöðuna okkar á Geldinganesinu og mætti þar földi fólks þeirra á meðal stjórnáamenn Borgarinnar til að kynna sér starfsemi klúbbsins. Formaður Siglingasambands Íslands (SÍL) mætti til að veita Þorsteini Guðmundssyni viðurkenningu fyrir vel unnin störf í þágu siglinga í landinu. Okkar sterkasti kynningamiðill er eins og áður heimasíðan okkar.

Aðgengisréttur

Töluverð vinna fór á síðasta ári í að verja rétt okkar á aðgengi að ám og vötnum. Þar má fyrst nefna deilur okkar við Borgina um æfingar okkar á Elliðaánum sem fer fram frá 1. janúar til 1. maí. Dæmt var í máli sem háð var gegn kayakræðara, sem tekinn var við róður á Ölfusá. Því miður var ræðarinn dæmdur sekur í héraði og ekki tókst að áfría málinu til Hæstaréttar sökum mannlegra mistaka af okkar hálfu. Kayakklúbburinn mun taka að sér að greiða sektir og sakarkostnað ræðarans.



Rekstrarreikningur ársins 2006

		2006	2005
Tekjur:	Skýr.		
Félagsgjöld		929.592	662.000
Geymslugjöld		665.000	543.000
Styrkir		270.000	450.000
Tekjur af árhátíð		0	118.222
Aðrar tekjur		0	54.500
	3	1.864.592	1.827.722
 Rekstrargjöld:			
Rekstrarkostnaður	4	1.300.570	933.200
Afskriftir		222.142	206.068
		1.522.712	1.139.268
 Rekstrarhagnaður (tap) án fjármagnsliða		341.880	688.454
 Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur og verðbætur		141.950	72.570
Vaxtagjöld og bankakostnaður		(19.665)	(17.019)
		122.285	55.551
 Hagnaður(tap) ársins		464.165	744.005



Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2006	2005
Fastafjármunir:			
Gámar, kayakar ofl.	5	<u>1.999.274</u>	<u>1.726.415</u>
		<u>1.999.274</u>	<u>1.726.415</u>
Veltufjármunir:			
VÍB - verðbréf		1.513.188	1.267.170
Banki		<u>29.232</u>	<u>70.455</u>
Veltufjármunir		<u>1.542.420</u>	<u>1.337.625</u>
Eignir samtals		<u>3.541.694</u>	<u>3.064.040</u>



Hinn 31. desember 2006

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	2006	2005
Eigið fé:			
Höfuðstóll		3.426.013	2.948.359
Eigið fé		<u>3.426.013</u>	<u>2.948.359</u>
Skuldir:			
Skuldbinding v/lyklagjalds		103.500	103.500
Aðrar skuldir	6	12.181	12.181
Skammtímaskuldir		<u>115.681</u>	<u>115.681</u>
Skuldir samtals		<u>115.681</u>	<u>115.681</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>3.541.694</u>	<u>3.064.040</u>



Skýringar

1. Reikningskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningskilaaðferðum og árið áður, en ef um breytingar er að ræða er gert grein fyrir þeim hér á eftir.

2. Yfirlit yfir varanlega rekstrarfjármuni (Eignastaða 1/1 2004 og kaupverð eigna 2004-2006):

Rekstrarfjármunir 1/1 2004	1.282.097
Kaup 2004:	
Bátur	50.000
Eignfærsla v Geldinganes	458.586
Kaup 2005:	
2 kajakar	110.000
Gámur	160.000
Kaup 2006:	
40 feta gámur	197.000
Kajak	174.001
Tjald	104.000
Bátur	20.000

	2006	2005
3 Aðrar tekjur		
Þáttökugjöld/keppnisgjöld	0	35.000
Lyklar	0	19.500
	0	54.500

4 Rekstrarkostnaður

Húsaleiga	180.000	180.000
Fundur og samkomur	194.113	170.678
Kostnaður v/ keppni	0	28.940
Auglýsingar	0	58.176
Stjórnunarkostnaður (sendikostn., prentun o.þ.h.)	115.276	34.741
Geldinganes	268.701	140.780
Rekstur Geldinganes (hiti, rafmagn og aðgangskort)	77.203	51.858
Aðkeypt þjónusta	197.843	97.483
Fréttabréf	221.610	124.430
Heimasíða (tengikostnaður og kostnaður v/ léns)	45.824	46.114
	1.300.570	933.200

5 Fastafjármunir

Eignir 1/1	1.726.415	1.662.483
Nýr búnaður á árinu	495.001	270.000
Eignfært í aðstöðu á Geldinganesinu	0	0
Afskriftir 10%	(222.142)	(206.068)
	<hr/>	<hr/>
	1.999.274	1.726.415

6 Skuldir

Guðmundur v/ritföng	1.680	1.680
Guðmundur v/2003	10.501	10.501
	<hr/>	<hr/>
	12.181	12.181



Félagsgjöld

Félags og æfingagjöld.

	Er núna:	Tillaga stjórnar:	
Félagsgjald.	4.500,-	4.500,-	
Unglingagj.	3.000,-	3.000,-	1)
Fjölsk.gj.	6.000,-	6.000,-	2)
Utanfj. æfing	500,-	500,-	
Geymslugj.	7.000,-	7.000,-	
Geym.g. Hv.	3.500,-	3.500,-	3)
Lykill	1.500,-	1.500,-	4)

Skýringar:

- 1) Unglingagjald er fyrir 17 ára og yngri
- 2) Fjölskyldugjald er fyrir hjón eða sambúð og börn 17 ára og yngri.
- 3) Samið hefur verið við Hvammsvíkurjarlinn um geymslu á bátum.
- 4) Greitt er tryggingagjald fyrir lykil að aðstöðunni í Nauthólsvík og Geldinganesi og er endurgreitt þegar lykli er skilað.

Aðrar tillögur frá stjórn

Nefndir.

Nefndir verði átta: *Sundlauganefnd* skipuð fjórum mönnum og hafi umsjón með sundlaugaæfingum, *keppnis* skipuð fimm mönnum, *húsnæðisnefnd* skipuð fimm mönnum og sér hún um daglegan rekstur á Nauthólsvíkinni og Geldinganesinu, *skemmtinefnd* skipuð fjórum mönnum, *unglinganefnd* skipuð þrem mönnum, *ferðanefnd* skipuð sex mönnum, *ritnefnd* skipuð fimm mönnum.

Kjör stjórnar og endurskoðanda

Tillaga fráfarandi stjórnar:

Formaður	Karl Geir Arason
Varaformaður	Haraldur Njálsson
Gjaldkeri	Guðmundur Breiðdal
Ritari	Páll Gestsson
Meðsjórnend.	Sæþór Ólafsson, Anna Lára Steingrimsdóttir
Endurskoð.	Hlynur Sigurvinnsson

Önnur mál

Senda 6 fulltrúa á SÍL þing 27. febrúar.

Tekin hefur verið í gagnið ný heimasíða á slóðinni www.kayakklubburinn.is



Skýrslur nefnda

Skýrsla keppnisnefndar.

Hlutverk nefndar

Hafa umsjón með öllum keppnum sem haldnar eru í nafni klúbbsins. Sjá um verðlaun. Safna saman úrslitum og lista yfir keppendur. Móta reglur um þáttökugjald (eiga utanfélagsmenn að greiða það sama og félagsmenn) og hverjir hafa keppnisrétt og lámarks öryggiskröfur. Nefndin skili skýrslu til stjórnar fyrir aðalfund.

Nefndarmenn 2006 voru:

Bragi Þorsteinsson sjohundur@gmail.com formaður

Sigurjón Þórðarson Sigurjth@ismennt.is

Guðmundur Vigfússon mummi@mummi.is

Pétur Gíslason petur@hvammsvik.is

Haraldur Njálsson haranja@centrum.is



Keppnir á Sjókayak

Reykjavíkurbíkar, 13 maí.

Reykjavíkurbíkarinn var haldinn í blíðskaparveðri og var þáttaka bara nokkuð góð eða 24. skráningar alls. Sú breyting var gerð á keppninni að þessu sinni að bátabuðinum yfir eiðið var sleppt vegna háværra mótmæla keppenda og í staðinn startað í Eiðsvíkinni og róíð réttisælis um Geldinganesið, í gegnum markið hinumegin þar sem áhorfendur gátu séð stöðuna, myndað og hvatt sína menn og þaðan 3,5 km hringurinn útfyrir bauju og til baka. Þetta mæltist vel fyrir meðal keppenda og áhorfenda og verður væntanlega þannig í framtíðinni. Vestfirðingar fjölmenntu að vanda og upskáru líka í samræni við það, en Höfuðborgarbúar eru alltaf að bæta sig og þónokkrir ræðarar búnir að vera að æfa stíft, og fróðlegt að sjá hvað gerist seinna í sumar. Fjallað var um keppnina í fréttum ríkissjónvarpsins á laugardagskvöldið og aftur í helgarsportinu á sunnudagskvöld, fin umfjöllun hjá Adolfi Inga og hans fólki.

<i>Sæti</i>	<i>Nafn</i>	<i>Bátur</i>	<i>Tími</i>	<i>Fyrra met</i>
1	Halldór Sveinbjörnsson	Ruahine Ocean x	00:55:11	00:57:08
2	Haraldur Njálsson	Inuk	00:56:50	
3	Þröstur Þórisson	Inuk	00:58:55	
4	Ólafur B. Einarsson	Seawolf	00:59:57	
5	Veigar Grétarsson	Esplora	01:02:15	
6	Rúnar Pálmason	Esplora	01:02:33	
7	Örlygur Sigurjónsson	Godthåb	01:04:02	
8	Ásgeir Páll Gústafsson	PH Bahaia	01:05:08	
9	Páll Reynisson	Ndk explorer	01:05:59	
10	Halldór Björnsson	Ndk explorer	01:06:51	
11	Örn Torfason	PH quest	01:07:57	
12	Guðmundur Breiðdal	Ph quest	01:08:10	
13	Bragi Þorsteinsson	PH capella	01:09:15	
14	Hörður Kristinsson	Ndk Explorer	01:09:33	
15	Tryggvi Tryggvason	Ndk explorer	01:09:49	
16	Þorsteinn Narfason	Viking	01:13:11	
	Konur			
1	Elín Marta Eiríksdóttir	Nordkapp	01:16:05	01:13:19
2	Ingibjörg M. Guðmundsd.	Seawolf	01:16:09	
3	Jónína Guðjónsdóttir	Ph quest	01:23:50	

Keppni Eiríks Rauða, 2-4 júní.

Keppni Eiríks Rauða haldin í Stykkishólmi af Steina Stjörnu í Hólminum.

Karlar

1.	Halldór Sveinbjörnsson	34.84	35.49	Ocenax	100
2.	Haraldur Njálsson Þorsteinn	34.89	36.63	Rapier	80
3.	Sigurlaugsson	37.16	35.77	Rapier	60
4.	Ásgeir P. Gústafsson	37.12	37.11	Rapier	50
5.	Sæþór Ólafsson	37.49		Rapier	45
6.	Halldór Björnsson	38.52		Rapier	40
7.	Örlygur Sigurnónsson	39.07		LETTMANGODTHAB	36
8.	Rúnar Pálmason	39.12		EXPLORA	32
9.	Sigurður Pétur	39.32		INUK	29
10.	Þröstur Þórisson	40.36		INUK	26
11.	Jeff Allen	40.33		EXPLORER	-
12.	Guðmundur Breiðdal	40.80		INUK	24
13.	Ágúst Sigurðsson	44.54		TIMBERLAND	22
14.	Tryggvi Tryggvason	45.46		EXPLORER	20
15.	Magnús	47.76		VIKING	18

Konur

1.	Elín Marta Eiríksd.	47.17	50.89	NORDKAPP JUBILEE	100
2.	Katla G. Gunnarsd.	50.09	53.59	VIKING	80
3.	Ásdís Jóhannesdóttir	52.67		VIKING	60
4.	Ásta Þorleifsdóttir	53.89		VIKING	50

Bessastaðabikar, 18 júní.

Haldinn á vegum Sviða Álfþanesi.

Sæti	Nafn	Bátur	Tími
1	Haraldur Njálsson	Rapier	11.01.07
2	Torben Gregersen	Quest	1.15.50
3	Ólafur Einarsson	Seawolf	1.15.52
4	Veigar Grétarsson	Rapier	1.17.25
5	Ásgeir P. Gústafsson	Rapier	1.17.43
6	Guðmundur Breiðdal	Inuk	1.22.02
7	Örlygur S. Sigurjónsson	Godthab	1.25.50
8	Þorsteinn Narfason	Quest	1.28.02
9	Tryggvi Tryggvason	Explorer	1.30.41
10	Ágúst Ingi Sigurðsson	Heimasmíð	1.33.51
11	Hörður Kristinsson	Viking	1.33.53
12	Þórólfur Matthíasson	Viking	1.45.00

Konur

1	Bestla	Romany	2.29.13
---	--------	--------	---------

Sjókayak Ísafjörður, 15 júlí.

Loksins malaði Halli gamla manninn er kenndur er við Ísafjörð.

sæti		Tími	Kayak	Stig
Karlar 10km				
1.	Haraldur Njálsson	56.48.10	Rapier	100
2.	Halldór Sveinbjörnsson	56.51.74	Ocenax	80
3	Ólafur B Einarsson	03.01.27	Pax 20	60
4.	Ásgeir P. Gústafsson	03.01.51	Rapier	50
5.	Þröstur Þórisson	05.01.20	INUK	45
6.	Veigar Grétarsson	07.01.18	Rapier	40
7.	Hlynur Sigursveinsson	11.01.47		36
8.	Ágúst Ingi Sigurðsson	01.14.29	Namiboat	32
9.	Halldór Björnsson	01.15.37	Rapier	29
Konur 10km				
1.	Hadas Feldman	05.01.36	INUK	
2.	Elín Marta Eiríksd.	1.15.25	NORDKAPP	100
Konur 3km				
1	Marij Colruyt	24.01	Avanaq	
2	Ingibjörg Magnúsdóttir	30.42		
Karlar 3km,				
1	Þórir Prastarson	20,4		
2	Sverrir G Harðarson	21,53		
3	Halldór Óli Hjálmarsson	25,46		

Hvammsvíkumaraþon, 2 sept.

Toppbaráttan í sjókayaknum í ár var óvenju jöfn og spennandi og endaði með því að tveir efstu menn stóðu jafnir að stigum, en maraþonið ræður úrslitum sem erfiðasta keppni tímabilsins, og hún stóð svo sannarlega undir því þetta árið því aðstæður voru með erfiðasta móti og lentu menn í allskyns erfiðleikum og hrakningum í keppninni en allt fór þó vel að lokum með dyggri aðstoð björgunarsveitarfólksins af kjalarnesinu.

Alls voru 11 ræðarar skráðir til leiks og skiluðu 6 stykki sér í mark sem er óvenju lágt hlutfall enda aðstæður slæmar eins og áður sagði: sýndi vindhraðamælir á kjalarnesi t.d. að verstu vindhviðurnar þennan dag voru yfir 20metrar á sek.

Nr.	Nafn	Bátur	Tími 1	Tími 2	Tími 3	Heildartími
1	Haraldur Njálsson	Rapier	01:15:44	01:07:48	01:38:28	04:02:00
2	Ásgeir	Rapier	01:16:44	01:13:01	01:34:55	04:04:40
3	Þröstur	Inuuk	01:14:00	01:11:04	01:45:41	04:10:45
4	Rúnar	Esplora	01:23:55	01:18:17	01:02:52	04:45:04
5	Ólafur	Viking	01:28:52	01:25:08	01:53:05	04:47:05
6	Páll	Explorer	01:28:45	01:29:15	02:04:40	05:02:40
572	Veigar	Rapier	01:24:10	00:58:45		00:00:00
435	Guðmundur Breiðdal	Inuuk	01:28:46	01:28:44		00:00:00
577	Steini	Rapier	01:40:20	01:33:26		00:00:00
431	Halldór	Viking				00:00:00
574	Örlygur	Letman	01:40:12	03:13:50		00:00:00

Keppnir á straumkayak

Elliðaárródeó, 28 apríl

Að venju heldum við Elliðaárródeó við gömlu rafstöðina. Ekki lentum við í útistöðum við lögreglu í þetta skiptið svo að allt gekk vel í sambandi við þetta. Mummi vann og raðaði þar með inn stigum til Íslandsmeistara sem hann vann einnig í lok sumars.

1. sæti	Guðmundur Vigfússon	92 stig	
2. sæti	Bragi Þorsteinsson	64 stig	
3. sæti	Anna Lára Steingrímisdóttir	36 stig	1. sæti nýliða
4. sæti	Haraldur Njálsson	18 stig	2. sæti nýliða
5. sæti	Magnús Hallgrímsson	16 stig	
6. sæti	Jóhann Geir Hjartarson	12 stig	
7. sæti	Garðar Sigurjónsson	10 stig	
8. sæti	Sindri Heiðarsson	4 stig	3. sæti nýliða

River race Tungufljóti, 30 jún.

Haldið var árlegt river race í þriðja sinn og er þessi liður að festast í sessi sem gríðarlega vinsæll liður í straumdagatalinu og einnig meðal áhugamanna um straumkayak. Mjög gott aðgengi að keppninni er einn stærsti þáttur í vinsældum hennar. Allt gekk að óskum og var mikið húllumhæ um kvöldið með grili við drumbó og allir enduðu á Hjálmmum í gríðargóðum filing...

Sæti	Karlar	Sæti	Konur
1	Reynir Óli	05:02	1 Olga 11:29
2	Jón Heiðar	05:24	2 Anna Lára 14:42
3	Halli	05:51	
4	Jón Skírnir	06:43	
5	Bragi Sjóhundur	06:48	
6	Garðar Junior	07:34	
7	Raggi Flower	07:42	
8	Elli B	08:24	
9	Dóri Stjóri	09:29	
10	Mummi Flower	10:33	
11	Garðar WC	11:06	
12	Jói Kojak	12:03	
13	Viktor	16:10	

Straumkayak

	Karlar	Elliðaár	Tungufljót	Þjórsá	Samtals
1	Mummi	100	26	100	226
2	Bragi	80	45	60	185
3	Halli	60	60		120
4	Reynir		100		100
5	Skírnir		50	50	100
6	Raggi		36	45	81
7	Jón Heiðar		80		80
8	Gaddi	40	40		80
9	Kristján			80	80
10	Kojak	45	20		65
11	Maggi Kokkur	50			50
12	Sindri	36			36
13	Elli B		32		32
14	Dóri		29		29
15	Garðar WC		24		24
16	Viktor		16		16
	Konur				
1	Anna Lára	100	80	60	240
2	Olga		100		100
3	Tinna			100	100
4	Heiða			80	80

Með kveðju fra keppnisnefnd

Bragi Sjöhundur

Íslandsmeistari. 2006

Í þriðja skipti var nú krýndur Íslandsmeistarar í kayakróðri.

Reglur um stigagjöf til Íslandsmeistara í kayakróðri 2006

1. Íslandsmeistari skal krýndur í lok sumars í eftirtöldum greinum; sjúkayak, karla- og kvennaflokki, straumvatnskayak, karla- og kvennaflokki.
2. Þau mót sem gefa stig til Íslandsmeistara; Sjúkayak; Reykjavíkurbíkar, Sprettur í Stykkishólmi, Keppni á útivistadögum Ísafirði og Hvammsvíkurmararöð. Straumkayak; Elliðaár-Rodeo, Tungufljótskappróður, og Þjóssár-Rodeo.
3. Aðeins gefur ein grein í hverju móti stig til Íslandsmeistara, undantekning er Hvammsvíkurmararöð, enda er ræst á sama tíma í allar greinar og geta menn því ekki kepp nema í einni grein þar.
4. Öll þessi mót gefa jafnmörg stig.
5. Íslandsmeistari verður sá/sú er hlýtur flest stig samanlagt úr þrem af þeim mótum sem viðkomandi tók þátt í.
6. Stigatafla

1. sæti	100 stig	16. sæti	15 stig
2. sæti	80 stig	17. sæti	14 stig
3. sæti	60 stig	18. sæti	13 stig
4. sæti	50 stig	19. sæti	12 stig
5. sæti	45 stig	20. sæti	11 stig
6. sæti	40 stig	21. sæti	10 stig
7. sæti	36 stig	22. sæti	9 stig
8. sæti	32 stig	23. sæti	8 stig
9. sæti	29 stig	24. sæti	7 stig
10. sæti	26 stig	25. sæti	6 stig
11. sæti	24 stig	26. sæti	5 stig
12. sæti	22 stig	27. sæti	4 stig
13. sæti	20 stig	28. sæti	3 stig
14. sæti	18 stig	29. sæti	2 stig
15. sæti	16 stig	30. sæti	1 stig

7. Ef tveir eða fleiri eru jafnir í einhverju sæti, t.d. 2 sæti, þá fá þeir allir 80 stig, þeir sem koma næstir á eftir hljóta stig samkvæmt sínu sæti. Ef 4 menn eru í 2 sæti, þá er næsti á eftir í 6 sæti og hlýtur þá 40 stig samkvæmt því. Í liðakeppni deilast stigin í hlutfalli við fjölda einstaklinga í liði.



Skýrsla ferðanefndar.

Hlutverk nefndar er:

Kemur með tillögur að ferðum á dagskrá. Undir það fellur að finna umsjónarmenn ferða og kynna þær. Ferðanefndin er hvött til að leita til sem flestra félaga klúbbsins eftir hugmyndum að ferðaleiðum og kalla til sem flesta umsjónarmenn ferða. Sjá til þess að ferðasögur berist ritnefnd.

Nefndarmenn 2006 voru:

Reynir Tómas Geirsson reynirg@landspitali.is marest@tv.is formaður

Anna María Geirsdóttir annamariageirsd@hotmail.com

Ásta Þorleifsdóttir astathor@gopro.net

Jóhann Geir Hjartarson joimeistari@gmail.com

Jón Skírniir Ágústsson jsa@ieee.

Sævar Helgason helgish@islandia.is

Heiða Jónsdóttir heijons@hotmail.com

Fundir ferðanefndar :

Ferðanefnd hélt einn sameiginlegan fund á árinu, þann 9. mars 2006 heima hjá formanninum Reyni Tómasi og rædd voru drög að ferðaplani sumarsins. Allir ferðanefndamenn og -konur voru mætt. Ekki var talin þörf á fleiri sameiginlegum fundum, heldur yrðu tölvusamskipti nýtt til lokasamræmingar á ferðum sumarsins.

Lögð var áhersla á að samræma ferðir Kayak-klúbbsins sem best öðrum viðburðum sumarsins þannig að sem minnst skörun yrði og þeir sem hefðu tíma gætu notið alls sem var í boði. Í því skyni var litið var á landið í heild, sem einn leikvang kayakfólks og ein sameiginleg dagskrá var gerð fyrir straumvatns og sjókayak.

Umsjón ferða var deilt niður á ferðanefndarfólk.

Ferðir sjókayakfólks :

6.maí 2006 voru skipulagðir tveir aðskildir róðrar , dagsferðir:

“**Hörpuróðurinn**” sem eingöngu var fyrir kayakkonur. Alls tóku 9 konur þátt. Róið var frá Geldinganesi um Álfsnes, kringum Þerney og í Geldinganes. Róðurinn heppnaðist mjög vel. Umsjón : Anna María

“**Stöndum þétt saman**” róður sem eingöngu var skipaður körlum. 11 karlar tóku þátt. Lagt var frá Bakkavík á Seltjarnarnesi og róið í Akurey og síðan til baka í Bakkavík. Eins og í kvennaróðrinum þá heppnaðist róðurinn mjög vel. Umsjón: Reynir Tómas

25. maí 2006: Kvöldróður í Viðey og Engey :

Alls réru 22 ræðarar, þar af ein kona , þennan kvöldróður í blíðu veðri Vel heppnuð ferð. Umsjón : Reynir Tómas

25.júní 2006: Ferð á Þingvallavatn :

Alls mættu 14 ræðarar í ferðina, bæði konur og karlar, nýliðar og vanir. Róið var frá Hestvíkinni um Klumbu, Nesjaey og áð í Sandey. Síðan var haldið í Mjóanes og áð þar. Endað var í Hestvíkinni þar sem bílarnir biðu. Veður var eins og best gerist, logn og hiti. Það var ánægðir ræðarar sem héldu heimleiðis eftir ferðina. Umsjón: Sævar H.

11.ágúst 2006 . Ferð í eyjar undan Klofningi á Fellsströnd :

Þessi ferð var viðamesta ferð sumarsins hjá Kayakklúbbnum. Alls mættu 31 ræðari til þátttöku, konur og karlar nokkuð að jöfnu. Safnast var saman að kvöldi þann 11. ágúst við gamla kaupfélagshúsið undan Hnúki á Fellsströnd og á næstu tveimur dögum var róið um Þröskulda , með Langeyjunum og í Arney. Þaðan var róið í Fagurey þar sem tjaldbúðir voru reistar. Þá var kvöldróður út í Elliðaey en í hann fóru um 15 bátar. Á heimleiðinni, á sunnudag, var síðan róið í Klakkeyjar og að lokum að upphafsstað undan Hnúki á Fellsströnd. Veður var yfirleitt gott, en þó rigndi vel á okkur á laugardagskvöld í Fagurey. Róa þurfti eftir siglingatækjum frá Bíldsey í Klakkeyjar, vegna þéttrar þoku. Og á leið frá Klakkeyjum skall á okkur hliðarvindstrengur af hafi með tilheyrandi Sjólagi. Allt gekk þetta vel og stóðust leiðangursmenn og konur áraunina mjög vel. Í ferðinni sást nokkuð af fugli þar á meðal örn en einnig voru nokkrir ræðarar svo heppnir að sjá hnísur. Einróma álit ræðara var að ferðin hafi tekist með eindæmum vel. Umsjón: Reynir Tómas , aðalfararstjóri og Sævar H.

18.ágúst . Þórisvatn :

Þessi ferð á Þórisvatn féll niður vegna dræmra undirtekta. Það er að segja alls engra.. Það virðist sem þessi virkjanalón (vötn) heilli ekki kayakfólkið.

26.ágúst 2006. Hvítárvatn :

Þessi ferð féll niður . Báðir þeir sem umsjón höfðu með ferðinni voru forfallaðir.

23. september 2006. Þingvallavatn :

Í þessa haustlitaferð á Þingvallavatn mættu alls 12 ræðarar. Lagt var upp skammt frá Valhöll við Öxará og áð í Sandey . Þaðan var síðan róið í Mjóanes og endað á upphafsstað við Valhöll. Róið var á spegilsléttu vatninu innanum himbrima og lóma í tugatali. Mjög vel heppnuð ferð. Umsjón : Ásta Þ.

Ferðir straumvatnsfólks :

06. Maí 2006 - Tekist á við strauminn

Með þessari fyrstu ferð sumarsins var hugmyndin að hrista saman fólkið fyrir komandi sumar. Farið var í Ytri-Rangá og hentað ferðin því þeim sem höfðu byrjað að róa sumarið áður mjög vel. Straumkaykfólk hitti svo sjókayakfólk í Nauthólsvík um kvöldið í grilli Umsjón: Jói

20. Maí 2006 - Sjó- og straumvatnsmenn sameinast í Hvítárferð

Að venju var farið í Hvítánnu á Júróvision deginum. Ferið gekk mjög vel og var góð mæting, enda blíðskaparveður. Allir sluppu stórslysalaust úr ferðinni en mörgum var orðið ansi kallt. Ekki var reynt við Faxa þetta árið, enda hafa vönustu sjóræðarar og ferðamenn villst niður þann foss. Umsjón: Jói, og Jón Skírnir

07. Júlí 2006 - Nýliðaferð í Galtalæk.

Nýliðaferðin í Galtalæk var með fjörugasta móti. Að þessu sinni var keppt í Galtaleikunum. Keppt var í nokkrum greinum s.s. skotbolta, þar sem Maggi kokkur fórnaði á sér hnénu til að bjarga drykknum sínum. Fjögurra fóta kapphlaup var haldið, þar sem 3 keppendur voru bundnir saman á fótunum. Þetta var hörku spennandi og ekki laust við að það hafi verið dómarskandall sem varð til þess að besta liðið tapaði greininni. Einnig var sett upp plas-sápu rennibraut þar sem nokkrir hressir einstaklingar renndu sér á alla enda og kannta öðrum til skemmtunar. Eftir rennslið var farið í Rangánnu til að ná af sér sápunni. Umsjón: Jón Skírnir

18. Ágúst 2006 - Hvítá fyrir lengra komna nýliða.

Þessi ferð fell niður þar sem straumkayak fólk ákvað að drífa sig í Skagafjörðinn og róa Jökulsár Austari og Vestari, svona áður en þær verða virkjaðar. Þetta var án efa ein besta helgi sumarsins, enda góð mæting og gott veður. Að þessu sinni sluppu allir kayakmenn í gegnum hinar óurlegu þriggja stalla flúð, nema einn og það var hann Halldór Vagn. Halldór þessi var reyndar ekki á kayak heldur stýrði hann rafti niður flúðina. Þegar hann var búinn með þriðjung flúðarinnar leyst honum ekki betur á stöðuna en svo að hann yfirgaf áhöfnina sína, stökk frá borði og synti í land. Þess má geta að Halldór varð fyrir um sumarið heimsmeistari í Galtaleikunum. Umsjón: Heiða



Skýrsla Ungliða- og fræðslunefndar

Hlutverk nefndar:

Unglinga- og fræðslunefnd skipar formann nefndarinnar og lætur stjórn vita hver hann er. Leita leiða til að auka möguleika unglunga á að stunda kayakróður. Skipuleggja æfingar og námskeið, gerir kennsluskrá. Nefndin skili skýrslu til stjórnar fyrir aðalfund.

Nefndarmenn 2006 voru:

Sæþór Ólafsson saethor@fa.is

Carlos Albert Méndez Carloskayak@hotmail.com

Guðmundur Vigfússon mummi@mummi.is

Viktor Þór Jörgenson vikotrinn@hotmail.com

Magnús Sigurjónsson msig@simnet.is

Unglingastarfið hefur að mestu snúist um kayakkennslu fyrir nemendur í Fjölbrautarskólanum í Ármúla. Það starf hefur gengið mjög vel og skilað nokkrum áhugasömum kayakræðurum í klúbbinn. Nokkrir grunnskólar hafa heimsótt klúbbinn og fengið að prufa báta í innilauginni í Laugardal.



Skýrsla sundlauganefndar 2006

Hlutverk nefndar:

Sundlauganefnd skipar formann nefndarinnar og lætur stjórn vita hver hann er. Setur upp æfingatöflu í samráði við stjórn, sér til að manna námskeið, félags- og nýliðaæfingar þó skal ávalt einn úr nefndinni mæta á félags- og nýliðaæfingar enda hafa þeir einir lykil að lauginni til að opna og ganga frá og læsa eftir æfingar. Nefndi heldur námskeið í nafni félagsins samkvæmt námskrá sem gerð er í samvinnu við stjórn. Sjá til þess að vel sé gengið um kjallarann og þann búnað sem þar er. Skila skýrslu til sundlaugastjóra fyrir 5. hvers mánaðar og sjá til þess að hún sé rétt útfyllt. Nefndin skili skýrslu til stjórnar fyrir aðalfund þar sem kemur fram fjöldi æfinga og þátttaka.

Nefndarmenn 2006 vour:

Magnús Sigurjónsson msig@simnet.is formaður

Bragi Þorsteinsson Sjohundur@simnet.is

Haraldur Njálsson haranja@centrum.is / halli@oreind.is

Anna Lára Steingrimsdóttir annaste@hi.is

Sæþór Ólafsson saethor@fa.is

Elín Marta Eiríksdóttir eme@hi.is

Störf nefndarinnar voru samkvæmt venju að halda æfingar í sundlaugunum í Laugardal. Æfingarnar þetta árið urðu 33 talsins og þar mættu 744 eða að meðaltali 22,5 á hverja æfingu .

Beyting varð á tímanum hjá okkur þar sem æfingar færðust á sunnudaga kl 17.00 og við fengum að sitja að lauginni einir , ég held að þetta hafi verið til bóta fyrir okkur þar sem við höfum líka grunnu laugina uppi og þurfum ekki að eyða stórum hluta af tímanum í að taka upp línur og þessháttar.

Einnig var byrjað að spila pólo á æfingum og þótti ekki leiðinlegt ég vona að það verði góð þátttaka í því á nýja árinu. Félagsmenn voru duglegir að mæta á þessar æfingar og fundarhöldin í heitu pottunum minkuðu ekki .

Við þökkum fyrir þáttökuna á árinu og vonumst til að sjá sem flesta í lauginni á þessu ári. Við viljum hvetja menn til að nota vel þessar æfingar því þetta er ómetanleg reynsla þegar einhvað gerist við alvöru aðstæður,Þá er of seint að æfa sig.

Fyrir hönd sundlaugarnefndar

Magnús Sigurjónsson

Skýrsla Partýnefndar 2006

Hlurverk nefndar:

Nefnd þessari er ætlað að standa fyrir og stjórna þeim skemmtunum sem haldnar eru í nafni félagsins.

Nefndarmenn 2006 vour:

Bragi Þorsteinsson sjohundur@gmail.com

Jóhann Geir Hjartarson joimeistari@gmail.com

[Óritskoðuð] Skýrsla skemmtinefndarhljóðar svo:

skemmtinefndin stóð fyrir árshátíð og var hun haldin í brokeyjarhúsinu sem stendur ei lengur. Íalltr muna eftir spagéttiinu hans magga sem geymdi eitt kíló salt en ekki eina matskeið:-) en það var hið besta mál þar sem barinn stórgræddi á þessu ofurtrixi hans magga. menn voru heiðraðir verðlaunaðir og allt sem fylgir slíkri uppákomu. nu venjur voru viðhafðar i sambandi við íþróttamannslega hegðun og var því farið i limbó að goðri hefð og fleira.....öllum kærum var vísað frá:-)

einnig stóð skemmtinefnin fyrir uppskeruhátíð og var hun staðsett í nýjum húsakynnum borgartúns 32 minnir mig, þar var margt um manninn og brá skemmtinefndin a það leynitrix að panta bara matinn frá pizza hut i þetta skiptið. var uppi mikilæ lukka með þetta og borðuðu allit a sig gat .nu verðlaunaafhendingar foru þar fram og sitthvað fleira. brugðið var a nyjan leik er reyndist allskemmtilegur og var það sápuvíslukeppni.....nu allir foru svo bara heim nema partídyrin sem enduðu hjá olgu i kópavoginum i megapartýi með heilli hjálparsveit:-)

Fyrir hönd skemmtinefndar. Bragi Sjöundur



Skýrsla húsnæðisnefndar 2006

Hlutverk nefndar:

Hlutverk nefndarinnar er að reka fasteignir og aðra aðstöðu Kayakklúbbsins og vinna í þeim málum er tengjast framtíðar aðstöðu klúbbsins. Þorsteinn er formaður nefndarinnar.

Nefndarmenn 2006 vour:

Ásta Þorleifsdóttir; astathor@gopro.net

Jóhann Ragnar Kjartansson; joioqnina@islandia.is

Karl Geir Arason; karlgeir@ts.spar.is

Páll Gestsson; pall@decode.is

Þorsteinn Guðmundsson; kayak@islandia.is

Klúbburinn hefur aðstöðu á þrem stöðum í bænum; Geldinganesi, Nauthólsvík og Sundlaugunum í Laugardal. Í Laugardalnum erum við með geymslu á tveim stöðum við sundlaugarnar; í kjallara nýju innilaugarinnar eru geymdir bátar klúbbsins sem við notum við æfingar og kennslu í laugunum og svo höfum við geymslu í gömlu útiklefnum fyrir almenna félagsmenn, þessa aðstöðu fáum við án endurgjalds, til stendur að laga útiaðstöðuna með því að setja upp rekka fyrir báta, í kjallaranum er sömuleiðis þörf á endurbótum, en þar sem þetta er lyftuhús má ekki setja niður neitt múrfast, en leifi hefur fengist fyrir því að setja upp ára- og svuntuhankana utanvið geymsluna og ætti það að auðvelda alla umgengni við búnaðinn.

Í Nauthólsvíkinni leigjum við af Siglingaklúbbum Brokey og er þar pláss fyrir 51 bát og eru 13 laus pláss þar nú. Lengi vetrar er búið að vera allt í rusli og ekki til fyrirmyndar í Nauthólsvík. Um var að ræða báta, búslóðir og hitt og þetta frá Brokeyjarmönnum. Eftir allnokkurt nöldur tóku þeir þó til hendinni og nú er aðstaðan hin snyrtilegasta. Mætti þó flikka upp á stóru hurðina sem er orðin nokkuð undin og stíf. Skv. gjaldkera Brokeyjar hefur ekkert breyst varðandi framtíð aðstöðunnar, þ.e. til skiptis er talað um að rífa þetta, flytja á Árbæjarsafn eða friða á núverandi stað. Ekki er útlit fyrir að það breytist á næstunni.

Á Geldinganesinu rekum við gámabyggð sem er í eigu klúbbsins, er sú aðstað nánast full frágengin og komin í endanlega stærð, síðastliðið vor fengum við að bæta við tveim 40 feta gámum en fyrir voru sex 20 feta gámar, þar af tveir nýttir sem félagsaðataða og búnings og sturtuaðstaða. Annar af þessum tveim gámum sem bætt var við er á vegum Kayakleigunnar hans Steina í Hólminum og var það góð viðbót við Kayakflórana síðasta sumar, hinn gámurinn sem bætt var við er notaður að hálfu leiti sem geymsla undir búnað félagsins og hinsvegar sem viðbót á kayakgeymslum fyrir félagsmenn og er nú pláss fyrir als 100 báta sem eru allar nýttar, auk þess eru 4 bátar geymdir hjá Steina, samt er enn biðlisti uppá 5 báta.

Þegar þessum tveim gámum var bætt við þurfti að stækka planið og var tækifærið þá notað og sett niður rotþró og er nú loksins hægt að nota aðstöðuna til fulls !! Ljóst er að þessi aðstað fæst ekki stækkuð meir enda má segja að hún sé orðin þokkaleg eins og svona bráðabirgðaraðstaða getu orðið, næsta vor er hugmyndin að smíða pall austan og sunnan við aðstöðuna.

Af umsókn okkar af varanlegri aðstöðu er fátt að fréttu nema að hún er í vinnslu hjá borginni og bíður eftir skipulagsvinnu við Geldinganesið. Úr fundagerð 28.6.2006 - - Fundur nr. 57 – Skipulagsráð;

*Geldinganes, Kayakklúbburinn, lóð og bygging (02.1) Mál nr. SN060018
100157-3229 Þorsteinn Guðmundsson, Álfhólsvegur 106, 200 Kópavogur
Lögð fram tillaga Tryggva Tryggvasonar, dags. 03.01.06, ásamt bréfi Þorsteins Guðmundssonar, dags. 10.01.06, varðandi lóð og byggingu Kayakklúbbsins á norðausturhorni Geldinganes. Lögð fram umsögn umhverfissviðs, dags. 17.05.06. Tillögunni er vísað til skoðunar og afgreiðslu í vinnslu forsagnar rammskipulags í Geldinganesi með vísan til heimildar 6. mgr. 43. gr. I. nr. 73/1997.*

Leggur húsnaðisnefnd til að í vor verði borgastjórnarfulltrúum og/eða skipulagsnefndarfólki boðið í kayakróður frá Geldinganesi til að kynna fyrir þeim starfsemi okkar og okkar hugmyndir.



Skýrsla ritnefndar 2006

Hlutverk nefndar:

Hlutverk nefndarinn er að halda úti heimasíðu klúbbsins og gefa út fréttabréf um starfsemi klúbbsins.

Nefndarmenn 2006 vour:

Óskar Helgi Guðjónsson; ute@ute.is

Páll Gestsson; pall@decode.is

Rúnar Pálmason; runarp@mbl.is

Snorri Gunnarsson; snogun@isl.is

Þorsteinn Guðmundsson; kayak@islandia.is

Nefndin byrjaði á því að skipta með sér verkum. Þeir Snorri og Rúnar tóku að sér að sjá um útgáfu fréttablaðsins en Þorsteinn, Páll og Óskar sjá um heimasíðuna, formaður nefndarinnar var skipaður Þorsteinn, enda kann hann ekkert annað en að vera formaður.

Mikil vinna fór í fréttablað félagsins, þar sem þetta var afmælisútgáfa, tekin var sú stefna að takmarka ekki stærð blaðsins heldur hafa það eins stórt og menn treystu sér til að fylla inníog má segja að árangurinn hafi orðið samkvæmt því. Rúnar bar hita og þunga af efnisöflun og Snorri hannaði útlitið.

Ritnefnd var á einu máli um að eina rétta væri að setja upp nýja heimasíðu, eins og reyndar fráfarandi stjórn var búin að ákveða. Vinna fór rólega af stað en fljótlega var þó ákveðið að setja síðuna upp í Joomla kerfi, lengi voru ritnefndarmenn að velta því fyrir sér að setja síðuna upp sjálfir, en ákváðu svo að best væri að leita sér sérfræðiaðstoðar og var í haust gengið til samninga við Þór hjá Novus og er sú vinna nú á loka sprettinum undir stjórn Palla, en stefnt er að opna síðuna fyrir aðalfund félagsins, enda má segja að það sé ekki seinna vænna þar sem núverandi síða félagsins er að hruni komin. Þessi nýja síða verður fjórða síðan sem sett verður upp fyrir félagið, enda tileinkaði Kayakklúbburinn sér fljótt netið til að ná til félagsmanna og annarra sem áhuga hafa á kayakróðri.

Ritnefnd sá um útgáfu félagsskírteinis sem sent var til félagsmanna sem greitt höfðu félagsgjöld.